

89. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. júní 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 88. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Róbert og Magnús lögðu fram drög að tveimur minnisblöðum sem til stendur að afhenda umhverfisráðherra annars vegar og menntamálaráðherra hins vegar á fundi nefndarinnar, sem haldinn verður í Flatey 9. júlí nk. Ráðherrarnir hafa báðir þegið boð um að taka þátt í vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar og funda með nefndinni. Nefndarmenn ræddu minnisblöðin og komu með tillögur, m.a. þess efnis að haldinn yrði vinnufundur sérfræðinga þar sem gerð yrði þarfagreining fyrir rannsóknir á menningarminjum við Breiðafjörð og bent á þekkingargöt.

Afgreiðsla: Ákveðið var að sameina minnisblöðin í eitt sem fjallaði bæði um náttúru- og menningarminjar. Magnús og Róbert munu fullvinna minnisblaðið fyrir fundinn í Flatey. Þá var ákveðið að skýrsla af vinnufundi vegna rannsókn- og vöktunaráætlunar fyrir Breiðafjörð verði gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar eftir fundinn í Flatey.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá því að drög að heildartexta verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð væru nánast tilbúin, en vildi bera nokkur atriði undir nefndarmenn áður en hann gengur frá textanum, sérstaklega varðandi verkefnaáætlun. Atriðin voru rædd.

Afgreiðsla: Róbert mun senda nefndarmönnum drög að heildartexta verndaráætlunarinnar á næstu dögum.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Álit frá Erlu S. Árnadóttur, hrl., á drögum að samningi við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði, og samningur byggður á álitinu, hefur verið sendur Guðrúnu Gísladóttur, verkefnisstjóra. Hún hefur ekki náð að fara yfir lögræðiálitið og samninginn.

Afgreiðsla: Málinu var frestað þar til Guðrún Gísladóttir hefur sagt álit sitt á nýja samningnum. Guðríður mun hafa samband við Guðrúnu og athuga hvort hún sjái sér fært um að kynna sér breytingarnar, svo hægt verði að undirrita samninginn fyrir næsta fund.



Skipulagðar hópferðir Sæferða ehf. innan marka netlaga í landi Rifgirðinga á Breiðafirði og uppsetning skiltis í Steinaklettum

Afrit af bréfi Guðrúnar Elísabetar Árnadóttur, lögfræðings, til Sæferða, dags. 16. maí sl. og bréf Sæferða ehf., dags. 25. maí sl., varðandi uppsetningu skiltis í Steinaklettum í Hvammsfjarðarröst voru lögð fram til kynningar. Erindi Sæferða var svarað með tölvupósti 26. maí sl.

Samstarf við Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna

Magnús sagði frá því að Guðrún Alda Gísladóttir fornleifafræðingur hafi lýst yfir vilja á samstarfi milli nefndarinnar og Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna um nýtingu loftmynda af Breiðafirði og vilji kanna hug nefndarinnar varðandi slíkt samstarf.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd tekur jákvætt í samstarfið og mun óska eftir nánari útfærslu á því. Samstarfssamningur verður unninn út frá þeim upplýsingum að fengnu samþykki Loftmynda ehf..

Önnur mál

Kynningarbæklingar Breiðafjarðarnefndar

Ritari sagði frá því að allt upplag kynningarbæklinganna “Fuglalíf á Breiðafirði” og “Breiðfjörður – Náttúra og saga” sé búið.

Afgreiðsla: Ákveðið var að láta endurprenta þá bæklinga sem þegar hafa verið gefnir út í árslok ef fjárhagsstaða leyfir. Þá taldi nefndin æskilegt að gefa út bæklinga um æðarvarp og menningarminjar á Breiðafirði.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur verður haldinn í Flatey á Breiðafirði 9. júlí nk.